



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

NORÐURSLÓÐAÞING Í ALASKA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tekur næstu daga þátt í Norðurslóðaþingi sem haldið er í Alaska. Þingið sækir fjöldi áhrifamanna frá Bandaríkjunum, bæði á vettvangi stjórnkerfis, atvinnulífs og fjölmiðla. Þá sitja þingið einnig forystumenn Alaskaríkis og fulltrúar samtaka og byggðarlaga frumbyggja á Norðurslóðum.

Meðal umræðuefna á þinginu eru staða Bandaríkjanna á Norðurslóðum, efnahagsþróun svæðisins og kapphlaupið um nýtingu auðlinda, stjórnun fiskveiða, skipulag flugsamgangna og skipaflutninga, framlag Hafréttarsáttmálans við lausn deiluefna, samstarf Rússa og Bandaríkjamanna og vaxandi mikilvægi Norðurslóða á heimsvísu í alþjóðasamskiptum og efnahagslífi nýrrar aldar.

Í hópi málshefjenda verða auk forseta Íslands m.a. James A. Baker, fv. utanríkisráðherra Bandaríkjanna, öldungadeildarþingmennirnir Lisa Murkowski og Mark Begich, David Rubenstein forstjóri Carlyle, Fran Ulmer formaður Rannsóknarráðs Norðurslóða í Bandaríkjunum, Chris Matthews þáttastjórnandi hjá NBC sjónvarpsstöðinni, Mead Treadwell vararíkisstjóri Alaska, hershöfðingjar frá Bandaríkjunum og Kanada, forstjórar fyrirtækja, svo og borgarstjórar, sveitarstjórnarmenn og áhrifafólk í samtökum frumbyggja.

Málþingið verður sett í Anchorage, höfuðborg Alaska, í kvöld föstudaginn 24. ágúst, og því lýkur síðdegis mánudaginn 27. ágúst. Heiti þess á ensku er *The Arctic Imperative Summit* (sbr. arcticimperative.com). Stjórnandi þingsins er Alice Rogoff, stofnandi AlaskaDispatch.com sem annast hefur undirbúning þingsins.

24. ágúst 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).